

**Nr. 18-098 S 069 Brynja SH 236****Reykur um borð**

*Skipaskr.nr.*: 2763  
*Smíðaður*: Trefjar, 2010, trefjaplast.  
*Útgerð*: Fraganes útgerð ehf.  
*Stærð*: 0 brl. 14,96 bt.  
*Mesta lengd*: 12,45 m *Skráð lengd*: 11,36 m  
*Breidd*: 3,74 m *Dýpt*: 1,40 m  
*Vél*: Volvo Penta, 334,6 kw, 2010.  
*Fjöldi skipverja*: 2



Brynja © Skipaskrá

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Málið afgreitt á fundi 29. október 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma Jónssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 12. júní 2018 var Brynja SH 236 við landfestar í Ólafsvík. Veður: A 6 m/sek.

Miðstöð bátsins bilaði og fyllti vélarrúmið af reyk. Slökkvilið Snæfellsbæjar reykræsti bátinn og að sögn skipverja urðu litlar skemmdir á honum.

**Við rannsókn kom fram:**

- að miðstöðin var af gerðinni Eberspacer og hitaði upp vatnsöfnakerfi í bátinum. Á siglingu fór kælivatn vélarinnar inn á miðstöðina en þegar hún var ekki í gangi var för olúkynding í gang;
- að miðstöðin var sett í viðgerð og skipt var um alla íhluti hennar. Ekkert kom fram hvað orsakaði bilunina;
- að fram kom hjá viðgerðaraðila að helstu ástæður fyrir svona bilun væri of lág spenna að olúkyndingunni þannig að loftmótor nær ekki snúning til að halda brunanum hreinum eða að það hafi verið aðskotaefni í olúnni t.d. vax.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.